

Nd.

706. Nefndarálit

um þingsályktunartillögu (þskj. 152) um aðskilnað ríkis og kirkju.

Nefndin er einhuga á því að ráða háttvirtri deild til að samþykkja þessa þingsályktunartillögu, að eins með litilfjörlegri orðabreytingu, þar sem vér leggjum til að orðunum »undirbúa og« sé skotið inn á undan orðunum »leggja fyrir«, og að orðinu þar á eftir »næsta« sé slept, ekki af því að vér óskuðum eigi helzt, að frumvarp um þetta efni gæti orðið tilbúið fyrir næsta þing, heldur af því, að vér vildum orða áskorunina sem rýmst, ef stjórninni skyldi eigi geta unnist tími til að hafa málið fullundirbúið fyrir næsta þing.

Að því er vilja þjóðarinnar snertir í þessu máli, þá hefir það um mörg ár komið fram mjög alment á þingmálafundum víðsvegar um land, að þjóðin, eða meirihluti hennar talsverður, virðist vera þessu máli fylgjandi; og þar sem vér varla minnumst þess, að á þeim fundum hafi nokkrar verulegar raddir komið fram í gagnstæða átt, þá verðum vér að ætla að það sé ekki ofmælt, sem vér höfum sagt um fylgi þjóðarinnar við málið.

Þegar á eðli málsins er lítið, verðum vér að jata það, að þjóðkirkja eða ríkiskirkja sé í sjálfu sér óeðlilegt fyrirkomulag, jafn gagnstætt eðli kirkjunnar eins og eðli ríkisins. Í landi með trúarbragðafrelsi, eins og hér, geta alþingismenn verið alt annarar trúar, heldur en þjóðkirkjutruar; sumir geta jafnvel verið trúlitlir menn. Og af þeim þingmönnum, sem að nafninu til standa í þjóðkirkjunni, annaðhvort fúsir eða nauðugir, geta margir verið, sem alls ekki séu þeirri kirkju eða hennar trú neitt vinveittir. Af þessu er það auðsætt, að Alþingi, sem nú hefir alt löggjafarvald yfir kirkjunni og hennar málum, getur auðveldlega verið svo skipað, að þar ráði stundum úrslitum kirkjulegra mála þeir menn, sem kirkjunni eru í rauninni meira eða minna andstæðir, og þetta getur kirkjunni hvorki verið ljúft eða holt.

Vafamál er, hvort sá fjármunalegi stuðningur, sem kirkjan nýtur af ríkisins hendi, vegi upp á móti því óhagræði og andlega ófrelsi, sem kirkjan hlýtur við að búa undir alveg ókirkjulegu löggjafarvaldi. In almenna þvingunarskylda, sem á öllum liggur til að gjalda presti og kirkju, ýmist með beinum gjöldum eða með framlögum úr landssjóði, léttir af hverjum einstaklingi allri áhyggju fyrir því að sjá hag kirkju sinnar borgið, en dregur þar með líka úr öllum áhuga fyrir málefni hennar; enda er það víðurkent, að andlega lífið í þjóðkirkjunni sé mjög dauft og trúaráhuginn hjá meðlimum hennar yfirleitt sljór. Þessi andlegi svefn og deyfð í þjóðkirkjunni stafar að sumra manna dómi án efa mjög verulega af því, að kirkjan er ríkinu tengd, svo að einstaklingsáhuginn, einstaklingsábyrgðartilfinningin og frumkvæðið til allra framfara hverfur. Það er jafnan svo, að sá sem vaninn er á að ganga jafnan við tvær hækjur og aldrei reyna að ganga óstuddur, hann verður þróttlaus og vanmegna; honum hverfur öll dáð og dugur til að standa á eigin fótum, og til allra sjálfstæðra hreyfinga.

Um hitt þarf ekki að tala, að þeir sem í ríkiskirkju hanga lögbundnir sem dauðir limir, eru í rauninni versta átumein í kirkjufélaginu.

Þá viljum vér og benda á það, að meðan lútherska kirkjan er þjóðkirkja, getur ríkið ekki slept umráðum mála hennar úr höndum sér.

En oss þykir óþarft að fara langt út í það að rökstyðja, að það sé réttlátt og heillavænlegt bæði kirkjunni og ríkinu að aðskilja þau með öllu.

Hitt virðist oss fremur vert á að minnast, með hverjum hætti vér hugs- um oss, að aðskilnaðurinn verði réttast gerður. Það kveður jafnan við, að miklir torveldleikar séu á, að koma aðskilnaði þessum í framkvæmd, og eiga menn þar einkanlega við fjárhagshlið skilnaðarins. Eins og kunnugt er, þá á þjóðkirkjan, að kallað er, ýmsar eignir, aðallega hús og jarðeignir.

Það er nú sumra manna álit, að verði ríki og kirkja aðskilin, þá eigi in- evangelísk-lútherska kirkja, sem nú er þjóðkirkja vor að lögum, rétt á að fá allar þessar eignir í sínar hendur. En þetta ætlum vér að með engu móti verði réttlætt. Vér verðum að athuga það, að mikið, ef eigi mestur hluti þessa fjár er gefið af kaþólskum mönnum, kaþólskri kirkju til eflingar og viðhalds, meðan sú kirkja var hér þjóðkirkja; og þó að lútherska kirkjan fengi að taka þessar eignir undir sig, þá er siðskifti urðu hér á landi, þá er það auðsætt að engan lagalegan rétt eða tilkall gat hún átt til þeirra eigna. Þegar lútherska kirkjan þannig eignaðist eigur kaþólsku kirkjunnar, þá hlaut sú hugsun, sem ein getur réttlætt það atferli, að vera sú, að inn æðri siðferðislegi skilningur á tilgangi gefendanna, sem upphaflega gáfu eignir þessar til kirkjunnar, hafi verið sá, að í eiginlegum skilningi séu eignir þessar gefnar til eflingar og viðhalds trúarbrögð- um í landinu, hver sem þau annars kunna að vera á hverjum tíma. Samkvæmt þessum skilningi einum verður eignarhald lúthersku kirkjunnar á núverandi eignum sínum siðferðislega réttlætt. En af því leiðir aftur, að hún hlýtur að vera skyld að láta þessar eignir aftur af hendi, að svo miklu leyti sem önnur trúarfélög eru eða verða til í landinu.

Strangt tekið virðist því réttast að lita svo á, að það sé *ríkið*, sem sé inn rétti umráðandi allra fjármuna þjóðkirkjunnar, og verði ríki og kirkja að- skilin, þá beri ríkinu að taka allar þessar eignir undir sig. En af því að þessar eignir eru kirkjunni gefnar eða í hennar eigu komnar í þeim tilgangi, að styðja trúarbrögð í landinu, þá hlýtur það og að vera skylda ríkisins, að verja ársarði þessara eigna í þeim tilgangi.

Vér viljum því benda á, að réttlátast muni vera, þá er ríki og kirkja verða aðskilin, að ríkið láti virðingargerð fremfara á öllum eignum kirkjunnar, og haldi þeim sem sérstökum sjóði, en verji vöxtunum af því fé árlega til að skifta því milli allra trúarfélaga á landinu að tiltölu réttir eftir mannfjölda þeirra allra hvers um sig. Kirkjurnar yrði að selja, og væri sennilegt að gefa því fjöl- mennasta safnaðarfélagi er myndast kynni á hverjum stað í námunda við þær, eða því er hæst verð byði fyrir þær, forgangsrétt til að kaupa þær, ef eigi bjóða aðrir kaupendur hærra verð. Auðvitað verður landstjórnin að annast um, að fá árlega áreiðanlegar skýrslur um manntölu í hverju kirkjufélagi. Það leiðir að sjálfsgöðu af aðskilnaðinum, að landssjóður hættir þá að borga nokkurn hlut til kirkjufélaga, annað en vöxtu áðurnefnds sjóðs. Byskupslaun, þau sem nú eru, ber að sjálfsgöðu að skoða sem vöxtu af seldum fasteignum biskupsstólanna, og ættu þau því einnig að renna í sama sjóð.

Það er og sjálfsagt, að jafnframt sem ríki og kirkja eru þannig aðskilin, þá verður að segja upp öllum embættismönnum kirkjunnar, enda hefir konungur samkvæmt stjórnarskránni leyfi til að leysa hvern þann mann frá embætti, sem hann hefir veitt það. Við því er að búast, að einhver eftirlaunabyrgði félli á landssjóð af því tilefni. En væntanlega ætti sá almenni sjóður, sem áður er nefndur, að bera hann, að minsta kosti að miklu leyti. Og að líkindum yrði sjálfum landsjóði enginn útgjaldaauki að þessari breytingu, varla einu sinni í bráð, og alls ekki til langframa, þar sem hann losnaði við þau stórmiklu útgjöld, sem hann nú hefir á sig tekið í ýmsum myndum til stuðnings kirkjunni.

Þá er eftir að minnast litillega á prestaskólann. Það er sjálfsagður hlutur, að þegar ríki og kirkja verða aðskilin, þá er það ekki að eins óskyld ríkinu heldur gersamlega gagnstætt tilgangi þess, að halda uppi kenslu í guðfræði fyrir nokkurt eitt sérstakt trúarbragðafélag í landinu. En hins vegar virðist það mjög sennilegt, að við inn fyrirhugaða háskóla landsins verði haldið uppi vísindalegri kenslu í inum almennu greinum guðfræðinnar. Þannig hugsum vér oss að í guðfræðisdeild háskólans verði kend hebreska og gríska, og þar með lesið það sem við þykir eiga í Gamla testamentinu og Nýja testamentinu. Einnig hugsum vér oss þar vísindalega kenslu í almennri kirkjusögu, og þar með yfirlit yfir trúarlærdóma-sögu inna helztu kirkjufélaga; sömuleiðis kenslu í almennri prédikunarfræði og almennri helgisíðafræði. Í kirkjurétti yrði kenslan væntanlega aðallega fólgin í því að fræða um réttarafstöðu ríkis og kirkju. Kensla í almennri síðfræði hugsum vér oss að myndi heyra til heimspekisdeildinni.

Sakir stuttleika tímans verðum vér að láta oss nægja þessar almennu bendingar um aðaldrætti málsins, eins og vér ætlum að því verði réttvislega fyrirkomid. Að lokum skulum vér geta þess, að vér ætlumst til, að þegar slík lög koma út, þá verði einhver hæfilegur, ákveðinn árafrestur settur, þar til er lögin kæmu í gildi. Þá er það og tillaga vor, að landsstjórnin legði mál þetta undir álit allra héraðsfunda og safnaðarfunda í landinu áður en frumvarp yrði lagt fyrir Alþingi.

Vér leggjum því til, að háttvirt deild samþykki þingsályktunartillöguna þannig orðaða:

«Neðri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um aðskilnað ríkis og kirkju.»

Alþingi, 1. Maí 1909.

Jóh. Jóhannesson
formaður

Jón Ólafsson
skrifari og framsögum.

Jón Jónsson
þm N. M.

Sigurður Sigurðsson

Með fyrirvara um einstök atriði:
Hálf dán Guðjónsson.